

MARK: Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna

Skýrsla stjórnar 2011

Stofnfundur og skipan í stjórn

Þann 21. janúar 2011 var MARK – Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna stofnuð. Í stjórn voru kjörin Gyða Margrét Pétursdóttir aðjúntkt í kynjafræði við Stjórn málafræðideild, Kristín Loftsdóttir prófessor í mannfræði við Félags- og mannvísindadeild, Ingólfur V. Gíslason dósent í félagsfræði við Félags- og mannvísindadeild, Sigurjón B. Hafsteinsson lektor í safnafræði við Félags- og mannvísindadeild og Steinunn Hrafnisdóttir dósent í félagsráðgjöf við Félagsráðgjafardeild.

Í undirbúningshópi voru auk núverandi stjórnar Brynhildur G. Flóvenz, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Guðný Björk Eydal, Jónína Einarsdóttir, Unnur Dís Skaptadóttir og Þorgerður Einarsdóttir.

Viðburðir

Í kjölfar stofnfundar, samdægurs, var haldið opnunarmálþing í Odda stofu 101, **Markvissir hugarþræðir - svipmyndir af margbreytileikarannsóknum.**

Dagskrá:

Valdimar Tr. Hafstein: Glerætur, eldgleypar, dansandi dýr. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir: Kynleg akademía. Sigrún Júlíusdóttir: Rannsóknarviðtöl um nauðganir – horft um öxl. Kristín Loftsdóttir: Tenging fortíðar og nútíðar í fjölmenningslegu samfélagi. Sigurður Jóhannesson: Sjálfbærni og umhverfisvernd. Brynhildur G. Flóvenz: Allir skulu jafnir fyrir lögum. Gyða M. Pétursdóttir: Í upphafi skyldi endinn skoða – karlmennska á krossgötum. Málstofustjóri: Hanna Björg Sigurjónsdóttir.

Í kjölfarið fylgdu hinir ýmsu viðburðir sem hér verða taldir upp í tímaröð:

27. janúar. Kynning rannsókna í Afríku sunnan Sahara: Málstofa haldin í HÍ í Odda stofu 202 kl. 16:00-17:30. Samstarfsaðilar Afríka 20:20 og Barnaheill í samvinnu við MARK.

Dagskrá:

Inga Dóra Pétursdóttir, MA í þróunarfræðum og framkvæmdastjóri UN Woman á Íslandi, fjallaði um útbreiðslu alnæmis í Malaví, Jón Geir Pétursson, doktorsnemi í umhverfis- og þróunarfræði við norska Lífvísindaskólann að Ási í Noregi sagði frá áhrifum umhverfisstjórnunar á lífsafkomu almennings á Elgonfjalli í Úganda og Kenýja og Fjóla Einarsdóttir, MA í þróunarfræðum, velti því fyrir sér hvort bjargir hjálparsamtaka bjargi götubörnum í Windhoek í Namíbú. Að loknum erindum var opnað fyrir umræður. Fundarstjóri var Jónína Einarsdóttir.

18. mars. Kyngervi raunvísinda: Málþing jafnréttisnefndar Háskóla Íslands og MARK um niðurstöður rannsókna á aðstæðum og upplifun kvenna í fjórum greinum á Verkfræði- og náttúruvísindasviði HÍ.

Dagskrá:

Brynhildur G. Flóvenz, formaður jafnréttisnefndar HÍ, setti málþingið.

Þuríður Sigurjónsdóttir, MA í náms- og starfsráðgjöf, kynnti niðurstöður rannsóknar sinnar.

Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir, MA í kynjafræði, kynnti niðurstöður rannsóknar sinnar. Berglind Rós Magnúsdóttir, ráðgjafi menntamálaráðherra, kom með athugasemdir við erindin. Fundarstjóri var Rögnvaldur Ólafsson, forstöðumaður Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands

22. júní. Lífið, vinnan og kynslóðirnar: Ævilangt verkefni. Kaisa Kauppinen rannsóknarprófessor á Finnish Institute of Occupational Health og dósent í félagssálfræði við Háskólann í Helsinki hélt erindi.

Nánari lýsing: Umönnunarhlutverk nútímafélks nær ekki einungis til velferðar eigin barna heldur í auknum mæli einnig til eigin foreldra. Gott samspil fjölskyldu- og atvinnulífs skiptir æ meira máli fyrir heilsu og líðan. Mikilvægt að horfa á þetta samspil frá sjónarhóli kynslóðanna.

14. október. Tíminn og valdið/The power of time. Guðbjög Linda Rafnsdóttir prófessor í félagsfræði hélt erindi í nafni MARK á Jafnréttisdögum HÍ í samstarfi við Námsbraut í félagsfræði og Félagsvísindasvið.

Nánari lýsing: Að hafa vald yfir eigin tíma er að hafa vald yfir öðrum er stundum sagt. Þá er vísað til huglægra vídda tímans ekki síður en til tíma klukkunnar. Fjallað var um íslenskar og erlendar rannsóknir sem sýna ólíka upplifun kynjanna á tímanum sem auðlind og yfirráð. Einnig var fjallað um hvernig þessi tímaupplifun hefur áhrif á líf og líðan fólks.

17. október. Feðraveldið sem hrundi... og hitt sem kom í staðinn: Þorgerður Einarsdóttir hélt erindi í nafni MARK á Jafnréttisdögum HÍ 2011.

Nánari lýsing: „After the crash, Iceland's women lead the rescue“ (The Observer 22/2 2009). „Viking Women Aim to End to the Age of Testosterone“ (PBS 24/4 2009). „The Most Feminist Place in the World“ (The Nation 21/2, 2011). „Den isländska krisen blev ett genombrott för kvinnorna“ (Arbetsliv i Norden 7/3, 2011). Þetta eru nokkur dæmi um hinn opinbera sannleik að karllæg gildi hafi hrundið í hruginu og konur tekið yfir. En hver er raunveruleikinn á bak við þessa orðræðu? Fundarstjóri: Arnar Gíslason, jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands.

24. október. „Hernaðarlist og valdaklækir? – Er stjórnmálamenning samtímans tamari körlum en konum?“: Málþing Stjórnmálafræðideildar HÍ og MARK í tilefni 15 ára afmælis kynjafræðináms í HÍ og 100 ára afmælis Háskóla Íslands.

Nánari lýsing: Á málþinginu var rætt hvort ríkjandi stjórnmálamenning sé tamari körlum en konum. Spurt var hvort stjórnmálamenningin hafi breyst með aukinni þátttöku kvenna. Ef ekki, hvað þarf þá til að stjórnmálamenningin svari gagnrýni Rannsóknarnefndar Alþingis með aukinni fagmennsku, málefnalegri rökræðum og breiðari samstöðu? Bergljót Þrastardóttir, MA-nemi í opinberri stjórnsýslu, sem rannsakað hefur stjórnmálamenningu á sveitarstjórnarstigi, flutti stutt inngangserindi ásamt Kristínu Ástgeirsdóttur, framkvæmdastýru Jafnréttisstofu, fyrrverandi þingkonu Kvinnalists og meðhöfundi síðferðishluta skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Þær rökræddu síðan efnið við stjórnmálamennina, Guðmund Steingrímsson þingmann, Óttarr Proppé borgarfulltrúa, Þórunni Sveinbjarnardóttur, fyrrverandi þingkonu, og Unni Brá Konráðsdóttur þingkonu. Fundarstjóri var Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræðum.

28. október. Þjóðarspegill, málstofur MARK I og MARK II.

MARK I, Oddi 101, kl. 13-14.45.

Dagskrá:

Katrín Anna Guðmundsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir: „Að dansa á línunni“: Kynbundin valdatengsl og klámvæðing í auglýsingum. Kristín Björnsdóttir og Jón Ingvar Kjara: „Lokaskref í að vera alveg sama“: Margröddunin í gleðigöngunni. Svandís Anna Sigurðardóttir og Þorgerður Þorvaldsdóttir: Kynjaflækja hinsegin mæðra. Jón Ingvar Kjara og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson: Er rýmið í íslenskum framhaldsskólum gagnkynhneigt? Búningsklefinn, leikfimisalurinn og skólastofan.

MARK II, Oddi 101, kl. 15-16.45.

Dagskrá:

Ásta Jóhannsdóttir, Bryndís E. Jóhannsdóttir, Gyða Margrét Pétursdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir: Öðlingurinn 2011: Bergmál kynjakerfis eða persónulegur ávinningur jafnréttis? Guðbjört Guðjónsdóttir og Júlíana Magnúsdóttir: Ingólfur Arnarson, Björgólfur Thor og Ólafur bóndi á Þorvaldseyri: Karlmennska, kynjakerfi og þjóðernissjálfsmynd eftir efnahagshrun. Guðný Gústafsdóttir: The economics of beauty. Gyða Margrét Pétursdóttir: Sköpun alþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku: Íslenskt tilvik.

7. nóvember. Gender and the Attack on the Public Sphere in the U.S: Erindi dr. Jyl Josephson, Associate Professor of Political Science og Director of Women Studies Rutgers University:

Nánari lýsing: Í fyrirlestrinum var fjallað um hvernig íhaldsöm öfl í Bandaríkjunum hafa um árabíl gagnrýnt stjórnvöld fyrir umsvif ríkisins. Varpað var ljósi á hvernig orðræðan um fólkið á ríkisjötunni og hina ómaklegu byrði skattgreiðenda hefur kynjuð og rasísk formerki. Fundarstjóri: Gyða Margrét Pétursdóttir.

Á döfni

Þann 2. desember verður fyrirlestur Charlotte Kroløkke, Associate Professor, Head of KinTra, University of Southern Denmark: Fertility travel: In the market for eggs and wombs. Charlotte mun auk þess funda með fólki á vegum MARK til að ræða hugsanlegt samstarf.

Vefmál

Þorgerður Einarsdóttir hefur haldið utan um vefmál MARK, sjá mark.hi.is. Hún hefur að auki greitt fyrir vefsvæðið af rannsóknarreikningi sínum, kr. 1.000,- á mánuði.

Verkefni

Nokkur verkefni hafa verið sett á laggirnar í nafni MARK. Meðal þeirra er samstarfsverkefni MARK og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar „Klám sem vinnumenning og menningarfyrirbæri“. Starfsmaður er Thomas Brorsen Smidt MA-nemi í kynjafræði og fékkst styrkur til verkefnisins frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Sótt hefur verið um styrk fyrir nokkur verkefni til ýmissa sjóða í nafni MARK.

Reykjavík 11. nóvember 2011

f.h. stjórnar MARK: Miðstöð margbreytileika og kynjarannsókna

Gyða Margrét Pétursdóttir
Gyða Margrét Pétursdóttir